

Skýrsla innra mats
Leikskólinn Sólvellir
júní 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starf gæðaráðs	3
Ytra mat	3
Niðurstöður mats	4
Stjórnun	5
Uppeldis- og menntastarf	5
Leikskólabragur	6
Foreldrasamstarf	7
Innra mat	8
Heildarniðurstaða innra mats í júní 2026 - myndrænt	9
Umbótaáætlun	9
Viðauki I - Skýrslur deildarstjóra	10
Músadeild	10
Ugludeild	11
Drekadeild	14
Gæðastundir	16

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2025-2026.

Stefna skólans birtist í skólanámskrá **hér á heimasíðu leikskólans**. Vorið 2022 byrjaði skólinn að innleiða gæðaviðmið um leikskólastarf. Gæðaviðmið eru einskonar uppskrift af góðu leikskólastarfi sem hver og einn leikskóli gerir að sínum. Gæðaviðmiðin eru svo útfærð með gátlistum í flokkunum, *stjórnun, uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur, foreldrasamstarf og innra mat*. Kerfisbundið eru gæðaviðmiðin innleidd með því að þræða þau í gegnum allt starfið, nota m.a. kannanir, rýni á fundum og margt fleira til þess að staðsetja skólann gagnvart þeim viðmiðum sem lagt er upp með í leikskólastarfi á Íslandi og birtist í menntastefnu Grundarfjarðarbæjar og í skólanámskrá leikskólans.

Nú í lok skólaárs 2025-2026 hafa átt sér miklar breytingar í leikskólanum og fleiri skref stigin í því að setja skýrar stefnu og markvisst að meta gæði leikskólastarfsins. Á skólaárinu höfum við lagt ríka áherslu á að dreifa ábyrgð, aukna endurmenntun og fræðslu og að einfalda skipulag skólastarfs með því markmiði að það sé aðgengilegt og auðvelt fyrir allt starfsfólk leikskólans að vinna eftir.

Á heimasíðu menntastefnunnar er að finna gæðaviðmið sem leikskólinn notar til að spegla starfið og er það tekið saman í þessari skýrslu.

Starf gæðaráðs

Við upphaf skólaárs var sett saman gæðaráð sem skipa; Heiðdís Lind Kristinsdóttir leikskólastjóri og deildarstjórnarnir Sigurborg Knarran Ólafsdóttir, Marta Wiszniewska og Guðrún Ösp Knarran Ólafsdóttir. Gyða Rós Freysdóttir kom inn í teymið við lok skólaárs þegar Guðrún fór í leyfi. Í upphafi árs var gerð [starfsáætlun](#) þar sem fjallað er um starfsemi leikskólans, áherslur og starfshættir leikskólans.

Ráðið vann einnig að umbótaáætlun og var eitt af markmiðum haustsins að hafa markmiðin sýnilegri, þau birtust m.a. í tímalínunni okkar og var einnig farið yfir þau reglulega á starfsmannafundum í vetur. Auk þess var sérstök áhersla á að starfsfólk leikskólans myndi kynna sér Menntastefnuna og þau gæðaviðmið sem við vinnum eftir.

Ytra mat

Menntamálastofnun hefur ekki komið að ytra mati á skólastarfi á Sólvöllum og því liggur ekki formlega fyrir hverjir styrkleikar skólans og tækifæri til umbóta eru samkvæmt slíku. Hins vegar er starf skólans metið út frá gögnum sem verða til við innra starfi og mati skólans auk gagna sem teljast til ytra mats gögn eins og kannanir og niðurstöður mátaðar við kröfur um gæði úr ytra mati. Skólinn er því kerfisbundið að nota fjölbreytt gögn til þess að staðsetja sig gagnvart þeim gæðaviðmiðum sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfs á Íslandi sem og menntastefnu Grundarfjarðarbæjar.

Niðurstöður mats

Í þessari skýrslu eru niðurstöður lagðar fram í fimm meginþáttum leikskólastarfs.

1. Stjórnun
2. Uppeldis- og menntastarf
3. Leikskólabragur
4. Foreldrasamstarf
5. Innra mat

Í niðurstöðunum er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá þeim markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim.

Gögn sem nýtt eru við innra mat:

- Spurninga- og viðhorfskannanir: nemendur, foreldrar og starfsfólk.
- Matslistar og skráningar í matslista (gæðaviðmið) um innra mat, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, leikakólabrag, foreldrasamstarf.
- Framfarir nemenda s.s. niðurstöður á mati á námi og velferð barna.
- Starfsáætlun og/eða ákveðnir þættir í starfsáætlun.
- Fundargerðir
- Ýmiskonar skýrslur, t.d. um ákveðin verkefni.

Stjórnun

[Leikskólinn Sólvellir - Gæðaviðmið 2. útgáfa - 2024](#)

Markmið: Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs- og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsmenn læra hver af öðrum. Stjórnendur sjá til þess að leikskólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsmanna með áherslu á samvinnu og gleði. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins:

- Ný skólanámskrá var innleidd og er hún á heimasíðu leikskólans.
- Sett var upp skrá yfir símenntun sem er lifandi skjal á Google-umhverfinu.

Helstu umbætur næsta árs:

- Halda áfram og ljúka við gerð læsisstefnu
- Halda áfram að kynna stefnur leikskólans þannig allir starfsmenn viti og geti sagt frá því eftir hverju við vinnum.
- Gera áætlun um samstarf við grunnskóla.
- Kynna nýja stefnu, skólanámskrá og einkunnarorð fyrir foreldrum með fræðslu-póstum jafnt og þétt yfir árið.
- Yfirfara áfallaáætlun og fá fleiri inn í teymið.

Uppeldis- og menntastarf

[Leikskólinn Sólvellir - Gæðaviðmið 2. útgáfa - 2024](#)

Markmið: Að skólastarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Að leik- og námsumhverfið sé fjölbreytt og krefjandi við hæfi hvers og eins og sé í stöðugu umbótaferli í samræmi við þróun starfshátta í skólum. Að til sé virk áætlun um mat á námi og velferð barna í leikskólanum sem og áætlanir um forvarnir og viðbrögð við slysum og annarri vá. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í uppeldis- og menntastarfi séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Stjórnun og daglegur rekstur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðastæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

Mat og niðurstöður skólaársins:

- Skimunaráætlun er tilbúin, virk og aðgengileg á heimasíðu.
- Verkferlar sérfræðipjónustu eru skýrir, virkir og aðgengilegir á heimasíðu.
- Aukið lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna hefur aukist. Starfsfólk er meðvitaðra um hvað börnin geta og þau fá aukin tækifæri til að hafa áhrif á starfið.
- Lögð var aukin áhersla á ferlið fremur en afurðina, skv. niðurstöðum starfsmannakönnunar eru allir starfsmenn sammála þessari áherslu.
- Starfsfólk vann að því að tileinka sér hugarfari um hæglæti í starfi.
- Aukinn opinn efniviður, starfsfólk fékk fræðslu um opinn efnivið og má sjá aukna þekkingu í starfinu á deildum.
- Settir voru upp leshópar þar sem ákveðið lesefni/hlustun var tekið fyrir hverju sinni.
- Tímalína var sett markvissari fram og hún kynnt.

Helstu umbætur næsta árs:

- Gera ritmál enn sýnilegra á deildum.
- Mætti gera umræðuhópa um ákveðin lesefni sem tekin eru fyrir, t.d. á deildar- og eða starfsmannafundum.
- Að starfsfólk sé meðvitað um að jafnvægi sé á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna í leikskólanum.
- Halda áfram að innleiða hópstjóra og dreifa betur ábyrgð.
- Halda áfram að vinna með leiðarljós í starfi út frá nýjum einkunnarorðum.
- Gera gagnabanka fyrir útikennslu, s.s með fróðleik varðandi átthaga og einnig bakpoka með handhægum gögnum eins og stækkunargleri, kíkí og öðru til að rannsaka heiminn nánar.
- Endurskoða efnivið með það í huga að hann sé opinn og endurspegli margbreytileiki mannlífsins (útlit, færni, aldur, fjölbreytt tungumál, fjölbreyttar fjölskyldugerðir [o.fl.](#))
- Vinna markvisst með heimamenningu allra barna.
- Börnin fái tækifæri til að setja sér markmið
- Leggja ríka áherslu á að börnin öðlist góða þekkingu á nánasta umhverfi, sögu þess og sérkennum.
- Tímalína var sett markvissari fram og hún kynnt reglulega yfir skólaárið. Starfsfólk finni frumkvæði til að vinna eftir henni og hún undirbúin á deildarfundum.

Leikskólabragur

[Leikskólinn Sólvellir - Gæðaviðmið 2. útgáfa - 2024](#)

Markmið: Að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum. Að foreldrar séu virkir samstarfsmenn við menntun og uppeldi barna sinna. Að börnum líði vel í skólanum og taki stigvaxandi framförum. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í leikskólabrag séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins:

- Niðurstöður starfsmannakönnunar sýna að starfsánægja er góð og starfsfólki líður vel í vinnunni.
- Starfsfólk fékk aukna fræðslu um hvernig á að takast á við krefjandi hegðun af fagmennsku og rætt um mikilvægi þess að vera samstíga.

Helstu umbætur næsta árs:

- Vinna með hrós og tilgang þess.
- Vinna með umburðarlyndi, liðsheild og gagnkvæmt traust.
- Fá námskeið í uppeldi til ábyrgðar og byrja vinna með þá stefnu markvisst.

Leikskólabragur

Viðmót og menning

Velferð og líðan barna

Hlutverk leikskólakennara

Fagmennska starfsfólks

Starfsánægja

Foreldrasamstarf

[Leikskólinn Sólvellir - Gæðaviðmið 2. útgáfa - 2024](#)

Markmið: Mikil áhersla er lögð á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Áhersla er á góða samvinnu og gagnkvæman trúnað milli foreldra og kennara enda er það ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóla dvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Markmið skólans er að a.m.k. 90% 5 matsþátta í foreldrasamstarfi séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins:

- Áætlað var að birta hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum á heimasíðu leikskólans. Ákveðið var að sleppa þessu markmiði vegna aukinna tækniframfara, s.s. með gervigreind og þýðingarforritum.
- Verklag þegar á að ræða við foreldra um viðkvæm mál er tilbúin, virkt og birt á heimasíðu.
- Rýnt var í foreldraviðtöl og gerður viðtalsrammi.

Helstu umbætur næsta árs:

- Setja í foreldrahandbók texta um túlkapjónustu.
- Rýna betur í og þróa foreldraviðtöl, námsmat og ferilmöppu. Að allt mat sé með skýr markmið og sé ekki of flókið.

Foreldrasamstarf

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðhorf foreldra

Innra mat

[Leikskólinn Sólvellir - Gæðaviðmið 2. útgáfa - 2024](#)

Markmið: Innra mats er að leggja faglegan grunn að endurbótum í skólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess að gera það skilvirkara. Að skipulag innra mats sé skýrt og aðgengilegt, byggt á viðmiðum um gæði og notuð séu matstæki og aðferðir sem hæfa stefnu og viðfangsefnum skólastarfsins. Mat er alltaf tekið saman í styrkleika og tækifæri til umbóta og birt á heimasíðu og kynnt skólasamfélaginu. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í innra mati séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins:

- Umbótaáætlun var yfirfarin reglulega yfir skólaárið og sú vinna var mun markvissari en áður.
- Gæðaviðmið voru yfirfarin reglulega yfir skólaárið, farið yfir á starfsmannafundum og starfsfólk hvatt til að kynna sér enn betur þannig við séum öll að vinna að sömu markmiðum.

Helstu umbætur næsta árs:

- Virkja foreldraráð strax í upphafi skólaárs, setja upp markvissa fundaáætlun og virkja betur með þátttöku í gæðaráði.

Innra mat

**Skipulag og
viðfangsefni**

**Gagnasöfnun og
vinnubrögð**

**Opinber birting og
umbætur**

Heildarniðurstaða innra mats í júní 2026 - myndrænt

Sólvellir



Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat	Sveitarfélagið
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðastæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni	Stjórnun
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð	Uppeldis og menntastarf
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur	Leikskólabragur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks			Foreldrasamstarf
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja			Innra mat
	Mat á námi og velferð barna				

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
 - B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
 - C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
 - D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.
- Ekki í vinnslu - ekki hafið eða engin gögn liggja fyrir

Vorið 2022 byrjaði skólinn að innleiða gæðaviðmið um leikskólastarf. Gæðaviðmið eru eins konar uppskrift af góðu leikskólastarfi sem hver skóli gerir að sínum. En nú þegar ný menntastefna hefur verið samþykkt og viðmið verið uppfærð mun leikskólinn fara aðra umferð og meta sig með enn skýrari og fleiri gögnum í öllum flokkum leikskólastarfsins. Við lok skólaársins 2025-2026 er stefnt að því að 90% allra matspáttanna verði "GRÆNT" - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf" og að mat fari fram í öllum flokkum reglulega samkvæmt langtímaáætlun og ársáætlun lýsi skýrt hvað sé metið hvert skólaár, hver eru viðmiðin og hvað verður um gögnin sem lýsa stöðu skólans út frá stefnu hans og gæðaviðmiðum menntastefnu.

Hér í þessu skjali er hægt að fylgjast með framvindu á mati á gæðaviðmiðum þar sem vísað er til ýmissa gagna eða niðurstöður útskýrðar með öðrum hætti. Skólaprófíllinn mun uppfærast næsta vor eftir mat næsta skólaárs : [Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024](#)

Umbótaáætlun

Niðurstöður úr mati eru ávallt rýndar af matsteymi og umbótum sinnt strax sem mögulegt er nær sem þurfa lengri tíma eru settar á dagskrá næsta skólaárs í sérstakri umbótaáætlun sem má kynna sér á þessum hlekk hér: [Leikskólinn Sólvellir umbótaáætlun 2023-2024 & 2024-2025](#)

Unnið af matsteymi í júní 2026

Viðauki I - Skýrslur deildarstjóra

Músadeild

Á músadeild voru 10 börn á aldrinum 1-2 ára við lok skólaársins 2025-206.

Helstu áherslur, skipulag og kennsluhættir

Við höfum verið mikið að syngja og telja. Börnin eru orðin mjög dugleg að gera hreyfingarnar með og syngja með í söngstund. Við höfum farið einu sinni í viku í skynjun í tveimur hópum. Erum mikið í útiveru og förum reglulega í göngutúr. Reynum að hvetja börnin til að ganga frá eftir matinn, klæða sig sjálf og ganga frá dóti.



Foreldrasamstarf

Foreldrar voru boðaðir í foreldrasamtal, tvisvar sinnum yfir skólaárið. Þar förum við yfir leikskráningu, almennan líða barna og spjall. Foreldrar höfðu svo tíma til að spyrja og segja frá því sem þau vildu. Virkilega gott spjall við alla foreldra.

Annað samstarf

Gott samstarf á milli Músadeild og Ugludeild, börn fara oft yfir á Ugludeild að leika saman eftir hvíld og svo fara elstu börnin einu sinni í viku með kennara og eru með börnunum að leika og í starfi þar.

Ferðalög, viðburðir og uppbrotisdagar

Við fórum á öskudaginn með eldri börnin að syngja í fyrirtækjum, fórum í klifurhúsið með allan hópinn og tókum þátt í uppbroti eftir getu barnanna. Það hefur gengið mjög vel og þau ánægð með ferðirnar. Sveitaferð gekk mjög vel, fórum með börnin í kerru og svo fengu þau að labba um fjárhúsin og í læknum. Höfum svo tekið þátt í þeim viðburðum sem nefndir eru eftir því sem hentar hverju sinni og hverju barni.



Mat á vetrinum

Veturinn hefur verið mjög góður, starfsfólk á deildinni vinnur vel saman og samvinnan góð. Börnunum líður vel og það er rólegt inn á deild. Við náum að hafa gott jafnvægi á milli frjálsan leiks og skipulags.

Ugludeild

Á ugludeild voru 16 börn á aldrinum 2 - 4 ára við lok skólaársins 2025-2026.

Helstu áherslur, skipulag og kennsluhættir
Stefnur og áherslur skólans birtast í öllu okkar starfi. Við leggjum áherslu á einkunnarorðin í öllu okkar starfi; virðing, gleði, samvinna og náttúra. Við erum heilsueflandi leikskóli þar sem við vinnum með útíkennslu, útiveru í öllum veðrum, við erum að gróðursetja og hugsum um hænurnar okkar. Rík áhersla er á málörvun þar sem við notumst við Lubbi finnur málbein, lestrarstundir og bókin Orð eru ævintýri hefur skipað stóran sess í starfinu hjá okkur á vorönn. Við vinnum eftir Grænfánaverkefni Landverndar. Við erum á réttri leið með að tileinka okkur hæglæti en við erum



með skipulagt starf og góðan ramma fyrir starfið, en á sama tíma erum við að leyfa börnum og dagsforminu ráð för. Við finnum mikinn mun á starfsandanum inn á deild, börnin eru að detta dýpra í leik og það er ekki jafn mikið stress, bæði á starfsfólki og börnum.

Skipulag

Hópnum er skipt í 3 hópa. Við erum með mánaðarlega tímalínu sem er okkar helst rammi fyrir starfið, á mánudögum setjum við upp vikuna, við erum með fasta rútínu, t.d göngutúrar, Lubbi finnur málbein, jóga og bókasafn. Og svo ef það er eitthvað sérstakt uppbrot þá viku þá fer það á vikuplanið.

Foreldrasamstarf

Vikulega er sendur póstur til foreldra þar sem farið er yfir líðandi viku og hvað er á döfinni. Kynningarviðtal er í september og annað foreldrasamtal í mars sem er meira einstaklingsmiðað. Fulltrúi stoðþjónustu er í samskiptum við foreldra varðandi TRAS og aðrar skimanir ef þurfa þykir. Foreldrum var boðið í heimsókn í vetur, í kringum jólin og dag leikskólans.



Annað samstarf

Virkt samstarf hefur verið milli deilda í vetur, tvisvar í viku er skipulag samstarf milli uglu- og drekadeildar og þegar líða fór á vorönnina hefur einnig aukist samstarf við músadeild.

Við höfum einnig átt í samstarfið við grunnskólann en nemendur á miðstigi komu til okkar einu sinni í viku yfir tvö val tímabil og tóku þátt í starfinu með okkur.

Ferðalög, viðburðir og uppbrotisdagar

Á föstudögum höfum við verið með uppbrotisdaga hjá okkur þar sem við skiptumst á að fara í samsöng, jóga og flæði. Á milli kemur svo einn föstudagur er "frí", kennarar skiptust á að setja upp viðfangsefni fyrir flæði en þá voru

settar upp stöðvar oft eftir þema sem börnin dvelja á eftir eigin áhuga og úthaldi. Við höfum m.a. verið með þorraflæði, sullflæði, opið flæði, jólaflæði, páskaflæði og útiflæði.



Við sáum nokkrar leiksýningar á skólaárinu, Búkolla á Norðurslóðum, jólaleiksýning í boði foreldrafélagsins og nemendur á miðstig komu með tvær leiksýningar fyrir okkur á skólaárinu.

Íþróttavika þar sem við fórum í heimsókn í klifurhúsið. Krakkarnir komu með ávexti að heiman til að smakka sem endaði svo á íþrótt-flæði á föstudeginum.

Lestrargleði var í leikskólanum þar sem við töluðum um mikilvægi lesturs og hvetjum til lesturs heima fyrir. Á sama tíma var settur upp skiptibókamarkaður í leikskólanum sem var vel sóttur. Eftir áramót var líka skiptifatamarkaður.

Tannverndarvika þar sem við fórum yfir tannheilsu og fengum tannlækni í heimsókn til okkar. Í desember var jólaball, kaffihúsaferð og kirkjuheimsókn. Í ár var boðið uppá danskennslu fyrir elsta árganginn okkar sem var frábær viðbót og heppnaðist mjög vel. Á vormánuðum var farið í sveitaferð í Gröf.



Aðrir uppbrotsdagar voru náttfata- og bangsadagur, 112 dagurinn, heimsókn í varðskipið Þór, vasaljósadagur og dagur vatns.

Sjónvarpsþátturinn Landinn kom og tók upp innslag í þáttinn um gróðurhúsið og hæurnar hjá okkur.

Almennt gengi allir uppbrotsdagar vel. Gott samstarf milli starfsfólks og allir viljugir til að hjálpast að. Það er gott skipulag á deildum og hver á að vera hvar t.d á uppbrotsdögum. Fólk er að taka ábyrgð á sínum stöðum.

Annað

Settum upp skynjunarherbergi í vetur þar sem starfsfólk skiptist á að skipuleggja skynjun. Við byrjuðum að vinna í vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ.

Mat á vetrinum

Veturinn hefur verið mjög góður, starfsfólk á deildinni vinnur vel saman og samvinnan góð. Við náum að hafa gott jafnvægi á milli frjálsan leiks og skipulags starfs.



Drekadeild

Á drekadeild voru 13 börn á aldrinum 4-5 ára.

Helstu verkefni sem hafa verið í gangi á deildinni í vetur eru sömu og nefnd eru hér að ofan hjá Ugludeild en til viðbótar voru eftirfarandi áherslur:

Lubbi finnur málbein: Lubbi var einu sinni í viku og var eitt málhjóð í tvær vikur í senn. Krakkarnir eru farin að vita hvaða staf hvert orð á. Krakkarnir eru farin að skrifa nafnið sitt. Við finnum orð sem byrja á málhjóðinu, gerum dótasúpu og finnum út hvar hvert dót á heima samræmi við á hvað málhjóði það á.



Vinnustaðaheimsókn: Eftir áramót fórum við í vinnustaðaheimsóknir til allra foreldra á deildinni. Það gekk ótrúlega vel og tóku foreldrar vel á móti okkur. Það var gaman að fræðast um allskonar vinnur í Grundarfirði.

Vinóttuverkefni Barnaheilla: Innleiddum Blæ, slökkviliðið kom með hann til okkar og var mikil spenna fyrir honum og allir ánægðir með hann. Við sjáum strax að börnin leita í Blæ þegar þeim líður illa. Það er líka mikil breyting að krakkar séu ekki að koma og fara með bangsa af heiman.

Útikennsla: Við fórum í útikennslu á hverjum miðvikudegi.

Um haustið var farið í berjamó upp í gil þar sem voru tínd ber og þegar við komum til baka bjuggum við til sultu. Einnig fórum við í fjallgöngu upp á Brjóst/Hellnafell með Eldhömrum. Við fórum líka í heimsókn til Unnar og Óla og fengum rabbabara fyrir eldhúsið. Á hverju ári er farið í sveitaferð og á þessu ári fórum við til Kristínar Höllu.

Skynjun: Það var einu sinni í viku og vakti það mikla lukku hafa það markvisst í starfinu hjá okkur.





Föndur: Var einu sinni í viku, þá föndruðum við það sem tengist tímalínunni. Markmiðið var ferlið fremur en afurðin. Við erum að vinna að vera ekki með kennarastýrð verkefni. Það var föndrað líka verkefni tengd lubba. Næst væri gaman að vinna meira með frumkvæðið þeirra í hvernig þau vilja gera verkefnið.

Eldhamrar: Samstarfið við Eldhamra var þannig háttað að við fórum einu sinni í mánuði til þeirra. Fórum í fjallgöngu saman og jóla-kaffihús. Við förum reglulega saman í útiveru.

Tímalína: Það gekk vel að fara eftir tímalínunni, en ábyrgðin er enn mikið hjá deildarstjóra. Á

næsta ári væri gott að dreifa ábyrgð betur og auka frumkvæði.



Gæðastundir

Elísabet Kristín Atladóttir sá um sérkennsluna sem gengur undir vinnuheitinu gæðastundir hjá okkur. Í vetur voru það 13 börn sem komu reglulega í gæðastundir, annað hvort inn á deild eða í litlum hópum í blómaherbergi.

Helstu áherslur, skipulag og kennsluhættir

Lagt hefur verið upp með að hitta börnin á hverjum degi en fyrst og fremst eiga gæðastundir með þeim í blómaherberginu með því að blanda saman leik og námi eftir þeirra áhugasviði. Notast hefur verið við spjaldtölvu í framburðarþjálfun, tónakistuna í hljóðkerfisvitundinni auk þess að spila allskonar borðspil. Spilin kenna börnum að bíða eftir að röðin komi að þeim (þolinmæði), læra að tapa og vinna auk þess að tala saman og leysa vandamál sem upp koma. Undir lok skólaársins bætti ég við skynjun inn í gæðastundirnar og blanda þá því tvennu saman.



Foreldrasamstarf

Sendi út tölvupósta í hverjum mánuði með fróðleik, upplýsingum eða niðurstöðum þó mismunandi eftir mánuðum. Auk þess að sitja teymisfundi með foreldrum og deildarstjóri, og sat foreldrafundi þegar við á. Niðurstöður úr TRAS voru sendar í tölvupósti og/eða foreldrafundum eftir því sem við á.

Annað samstarf

Talmeinafræðingur og sálfræðingur einstaka sinnum. Ragnar talmeinafræðingur kom á 2ja vikna fresti allt skólaárið og var góð samvinna á milli okkar sem skilaði sér einnig til foreldra. Elísabet starfar jafnframt sem tengiliður farsældar.

Mat á vetrinum

Starfið í sérkennslunni var á heildina litið einstaklingsmiðað, faglegt og fjölbreytt. Ég, Elísabet Kristín, tók við stöðu sérkennslustjóra í ágúst 2025. Ég hafði ákveðna sýn í þessu en vissi á sama tíma ekkert úti hvað ég var að fara. Ég byrjaði á að hafa þemu fyrir hvern mánuð en það gekk ekki alveg nógu vel þar sem ég varð fljótt uppiskroppa með verkefni sem tengdust þemunum. Væri gaman að gera það aftur en vildi þá tengja þemun við tímalínuna okkar.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Ég sótti þrenn réttindanámskeið á skólaárinu, TRAS fyrir áramót og EFI-2 og HLJÓM-2 eftir áramót. Þessi námskeið hafa verið notuð hér á leikskólanum áður en ég var ekki með réttindi til þess að fylgja því eftir. Á næsta skólaári bættist við HLJÓM-2 þar sem við verðum með börn á aldrinum 5-6 ára á leikskólanum.